



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Hof 2022 – 2023



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



## Efnisyfirlit

### Innihald

Efnisyfirlit.....	2
Innihald.....	2
Greinargerð leikskólastjóra .....	3
Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022 .....	4
Innra mat .....	4
Ytra mat.....	4
Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023 .....	5
Innra mat deilda .....	7
Guladeild .....	7
Rauðadeild.....	9
Grænadeild.....	11
Bláadeild .....	12
Svartadeild.....	14
Hvítadeild .....	15
Innra mat sérkennslu.....	16
Mat á sérkennslu 2021-2022.....	16
Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023.....	16
Innra mat – fjöltyngd börn .....	17
mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021-2022 .....	17
Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023 .....	18
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	19
Foreldrasamvinna.....	19
Skipulags dagar og skóladagatal.....	20
Fylgigögn.....	20
Skóladagatal .....	20
Umsögn foreldraráðs.....	20



## Greinargerð leikskólastjóra

Að venju er leikskólalífið fullt af lífi og fjöri, skólinn var frá hausti fullsetinn, vel gekk að aðlaga börn, foreldrar fylgja þeim fyrstu dagana í svokallaðri þátttökuaðlögun en fljótt eru þau orðin heimavön og örugg með sig. Ágætlega gekk að fá starfsfólk í vinnu svo haustið byrjaði nokkuð vel. Veturinn lítaðist þó af veiru, veikindum og veðri. Það er ekki annað hægt að segja um síðasta skólaár en að það hafi verið verulega krefjandi og þungt á köflum. Covid-19 herjaði á samfélagið langt fram á vetur. Margir starfsmenn veiktust af veirunni sem og börnin, á tímabili voru heilu deildirnar lokaðar eða nánast óstarfhæfar. Það var eiginlega ekki fyrr en í byrjun apríl að starfsemin varð nokkuð eðlileg en hefur síðan þá gengið nokkuð vel.

Miklar breytingar hafa staðið yfir hér innan húss, fyrst ber að nefna að sl. sumar fengum við Fjólubláudeild lokað og úr varð hin besta starfsmannaaðstaða. Kennarar hafa gott pláss til að vera í undirbúningi, fundarherbergi með nýjum, góðum húsgögnum og lítið sérkennsluherbergi er alltaf í notkun og við bara skiljum ekki hvernig við fórum að áður. Auk þess hafa nú sérkennslustjórar gott vinnusvæði fyrir sig. Það er mikill munur að hafa góða vinnuaðstöðu fyrir kennara. Eldhúsið fékk nýjar innréttingar og tæki í vetur sem bætir vinnuaðstöðuna mikið. Aðrar breytingar hér innan húss eru þær að á vormánuðum var farið að undirbúa matsal. Heilmiklar breytingar hafa verið gerðar á ganginum og listasmiðjunni var breytt í matsal. Ferlið hefur verið lærdómsríkt og er ekki lokið en gengur vel og verður gaman að fara inn í nýtt skólaár og þróa þessar breytingar áfram.

Í apríl fékk skólinn Regnbogavottun Reykjavíkurborgar en til að öðlast hana þarf vinnustaðurinn að fá fræðslu frá Mannréttindaskrifstofu borgarinnar og tileinka sér ný vinnubrögð varðandi hugsun og orðræðu. Bókasafn skólans, leikefni og allt starf er endurskoðað með tilliti til fjölbreytileika hópsins.

Í lok skólaársins hélt svo meirihluti starfsmannahópsins til Vestmannaeyja, þar kynntum við okkur leikskólastarf, skoðuðum Eldheima og gátum loksins verið saman sem einn hópur og skemmt okkur saman. Um miðjan júní bætist svo í hóp leikskólakennara skólans þar sem tveir starfsmenn útskrifast með meistarapróf í leikskólakennarafræðum.

Það er einmitt þetta sem er svo skemmtilegt við lífið í leikskólanum, við vitum aldrei hvernigdagurinn verður og hvaða áskoranir við fáum hvern dag. Börnin mæta alltaf kát og glöð í skólann sinn og ef ekki þá er það okkar verkefni að gera daginn eftirminnilegan.



## Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

### Innra mat

Innra mat var gert inni á hverri deild og er í kafla hvernar deildar. Veturinn var okkur að mestu þungur, miklar takmarkanir voru langt fram á vormánuði, mikil veikindi barna og starfsmanna setti sitt mark á starfið. Í Menntastefnuvinnunni var ákveðið að taka fyrir heilbrigði og gekk það ágætlega þó margt hafi fallið niður og minna orðið úr öðru. Við ákváðum því að halda áfram með sama þema til að gera því betri skil.

Innleiðing örviðtala gekk ekki eins og stjórnendur hugsuðu sér. Mikil veikindi og takmarkanir í skólalastarfinu urðu til að frekar náðist að halda í horfi en að innleiða ný vinnubrögð. Áhuginn er þó til staðar og munu stjórnendur setja sér sama markmið fyrir næsta skólaár.

Nefnd sem tók að sér að setja saman agastefnu fyrir Hof skilar af sér á haustmánuðum 2022. Áformað er að búa til veggspjald sem verður sýnilegt á veggjum skólans. Einnig fékk nefndin leyfi til að nota meistaraverkefni og handbók Helgu Agnarsdóttur, „Allir eru í eðli sínu góðir“.

Endurskoðun námsskrár hófst á sl. skólaári en fór stutt á veg. Næsta skólaár munum við halda áfram þeirri vinnu og komumst vonandi lengra.

Erfitt er að meta leikskólamenningu eða leikskólabrag en það er von stjórnenda að starfsmönnum líði vel og geti átt eðlileg samskipti sín á milli og við stjórnendur. Góð þátttaka var í vorferð skólans til Vestmannaeyja og var mikil lyftistöng fyrir starfsmannahópinn.

### Ytra mat

Foreldrakönnun hefur ekki verið gerð á þessu skólaári.


Starfsmannakönnun fór fram í febrúar og mars 2022. Ef rýnt er í könnunina má sjá að afleiðingar álags vegna covid-19 gætir enn í starfmannahópnum. Við lækkum í nokkrum þáttum og þar sést greinilega að álag, fræðsla og þjálfun og vinnuálag hækkar frá síðust könnun. Álagið var mikið og búið að vera viðvarandi í rúm tvö ár. En þrátt fyrir þetta mikla álag er gleðilegt að starfsandi og starfánægja standa í stað á milli ára. Eitt helst áhyggjuefni úr könnuninni er að það eru þrír starfsmenn sem hafa orðið vitni af fordómum. Þetta þarf að rýna í og skoða vel með starfsmannahópnum.

### Niðurstöður spurningakönnunar til foreldra

Deildarstjóri í meistaranámi í leikskólafræðum við HÍ gerði verkefni um foreldrasamstarf og sendi spurningakönnun til foreldra í febrúar 2022 þar sem óskað var eftir að fá þeirra sýn á leikskólann og foreldrasamstarf og hvað við gætum gert til þess að efla foreldrasamstarf á leikskólanum með þarfir foreldra að leiðarljósi.

Spurningarnar sem voru sendar á foreldra voru:

- Hvað er foreldrasamstarf í þínum/ykkar augum?
- Hvað finnst þér/ykkur gott við leikskólann?
- Er eitthvað sem þér/ykkur finnst að megi bæta?
- Skoðar þú/þið upplýsingarnar sem við sendum?
- Nýttast upplýsingarnar sem við sendum?
- Nýtir þú/þið myndirnar sem við sendum sem umræðugrundvöll með barninu?



-Eru einhverjar upplýsingar/fróðleikur/fræðsla sem þið viljið fá frá okkur en hafið ekki fengið hingað til?

-Ef já, hvað er það helsta sem við gætum bætt.

Um 30% foreldra/forráðamanna svöruðu könnuninni og eru niðurstöðurnar svipaðar og í könnun sem send var haustið 2021 og því má álykta að fleiri svör hefðu sýnt sambærilegar niðurstöður.

Niðurstöðurnar sýndu að foreldrar vilja upplýsandi samskipti og að starfsfólk leikskólans sýni þeim og fjölskyldunni áhuga, þau vilja fylgjast með daglegu lífi barna sinna, vita hvað hefur komið upp á hjá þeim, hverjir helstu leikfélagar eru, hvað börnin eru að læra í leikskólanum og af hverju við erum að gera það sem við erum að gera, hvaða bækur er verið að lesa og hvaða lög er verið að syngja hverju sinni. Foreldrar vilja taka þátt í starfi leikskólans og nokkrir nefndu að það væri gaman að fá að koma með í ferðir eða vera inni á deild part úr degi af og til. Foreldrar vilja meiri samskipti og fleiri viðtöl og oftast upplýsingar um það sem drífur á daga barnanna.

Hugtakið foreldrasamstarf segir sig ekki sjálft og ekki allir öruggir með hvað felst í því en almennt gáfu foreldrar sér að það væru samskipti foreldra og starfsfólks. Foreldrar nefndu nokkrum sinnum að það vantaði vettvang til að efla félagsleg tengsl sín á milli og að þau gætu unnið meira saman og tekið þátt í starfinu, einnig fannst nokkrum vanta að foreldrafélagið myndi standa fyrir fleiri viðburðum bæði fyrir foreldra og börn. Foreldrar og forráðamenn vilja fá upplýsingar um barnið sitt en bera sig ekki endilega eftir þeim og þarf starfsfólk því að vera sýnilegt í lok dags og gefa sig að þeim sem sækja börnin og byggja þannig upp traust til að efla samskiptin og samvinnuna og viðhalda traustinu.

Að mati foreldra efla verkefni sem teygja sig heim samvinnu heimilis og skóla og fannst þeim að það mætti vera meira af þeim og fræðslu um hin ýmsu málefni sem tengjast börnum og uppeldi.

## Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

### **Heilbrigði – andleg vellíðan**

Svefninn - fá fyrirlestur fyrir foreldra og starfsfólk um svefn

Tilfinningafærni, að börn læri að setja orð á tilfinningar sínar og líðan

Taka saman hvað leikskólinn á af efni sem tengist tilfinningum og félagsfærni, bæði faglegt og efni til að nota með börnum (heilbrigðisnefndin)

Allar deildir noti 0-5 skráninguna 2-3svar á hvorri önn til að skoða samskipti og efla jákvæð samskipti.

Að allt starfsfólk temji sér virka hlustun í samskiptum við börn.

Að dagskipulag allra deilda gefi rými fyrir rólega stund/hvíld/ jóga/slökun

Ábyrgð

Deildastjórar

Metið á deildafundum fyrir árslok og að vori

Viðmið um árangur.

Hver deildastjóri útfæri viðmið með sínum árgangi. T.d. að börn þekki tilfinningar sínar og geti sett orð á þær. Geti sett orð á væntingar sínar og óskir.



## Umhverfismennt og grænar áherslur

- Vinna markvisst að því að nýta betur verðlausan efnivið í leik og sköpun, allar deildir bjóði upp á slíkt eitt og sér eða í bland við annan efnivið og leikföng.
- Allar deildir geri eitt verkefni sem tengist umhverfisvernd einhvern tíma á skólaárinu, annað hvort eitt af gömlu grænfánaverkefnum okkar (vatn, samgöngur, matar/fatasóun, plast, Ísland sem hluti af heiminum) eða eitthvað alveg nýtt.
- Taka tímabil þar sem mæld verður matarsóun í samráði við matráð í vegna breytinga á fyrirkomulagi í tengslum við matsal.

Deildastjórar sjá um að þetta fari í starfsáætlun deilda og dreifa ábyrgð á verkefnum. Endurmetið í lok skólaárs eða í lok verkefnis.

## Foreldrasamstarf:

Góð foreldrasamvinna er mikilvægur þáttur í starfsemi leikskólans og viljum við á Hofi leggja áherslu á góð samskipti við börn og foreldra. Virðing er mikilvæg í öllum samskiptum og bætir traust og eflir öryggi þeirra sem vinna saman sem gerir það mögulegt að vinna að ákveðnum markmiðum.

Markmið okkar á Hofi er að koma á og viðhalda góðum og traustum samskiptum við foreldra, efla samvinnu foreldra og kennara sem og samband á milli heimilis og skóla en foreldrasamstarfið hefst um leið og foreldrar koma í fyrsta skiptið í skólann.

Til þess að ná okkar markmiðum er mikilvægt að starfsfólk gefi sig að foreldrum, forráðamönnum og börnum þeirra og eiga gagnkvæm samskipti við þau, mikilvægt er að jákvæð skilaboð fylgi í samtölum og að hlustað sé á foreldra og komið fram við þá að virðingu og sem jafningja, sýni skilning og skoði nánar ef foreldrar hafa áhyggjur af einhverju í fari barns síns. Við getum notast við fjölbreyttar aðferðir til að efla samskipti heimilis og skóla og til dæmis má þar nefna lestrarátak Lubba og samgönguverkefnið sem teygir sig heim.

## Matsalur

Matsalur var innleiddur á vorönn 2022 þar sem deildirnar í aðalbyggingu tóku þátt. Í færanlegum kennslustofum var matarflæði. Lögð var áhersla á sjálfeflingu barna í tengslum við innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Fulltrúi frá öllum deildum sat í nefnd um innleiðinguna en þar var rætt um hugmyndafræði verkefnisins og markmið þess. Stefnt er að því að halda áfram að þróa verkefnið, halda nefndarfundum og endurmeta reglulega. Deildarstjórar bera ábyrgð á verkefninu en allir starfsmenn taka þátt.



## Innra mat deilda

### Guladeild

Áherslur starfsins í vetur voru læsi, samskipti og félagsfærni, heilbrigði og vellíðan

#### **Heilbrigði og vellíðan**

##### **Að hverju var stefnt:**

Að bæta hreyfingu úti og inni. Að hafa jóga inn í dagskipulagi barnanna. Að huga almennt að vellíðan barna.

##### **Hvað var gert og hvernig gekk:**

Á haustönn vorum við með skipulagðar hreyfistundir á hreyfisvæðinu einu sinni í viku. Eins voru jógastundir inni á deild einu sinni í viku. Þessar stundir gengu mjög vel og börn og starfsfólk áhugasöm. Á vorönn höfum við ekki náð að fylgja þessu nógu vel eftir. Við vorum búin að skipuleggja hreyfiviku. Þessari viku ætluðum við síðan að fylgja eftir með vikulegu hreyfiprógrammi úti og inni. Margt kom til þegar átti að byrja á hreyfivíkunni á deildinni t.d. veikindi og aðrar fjarvistir.

#### **Samskipti og félagsfærni**

##### **Að hverju var stefnt:**

Að börnin noti orðin sín ef upp koma ágreiningsmál. Að börnin læri að virða hvar mörk hinna barnanna eru. Að börnin læri að sýna tillitsemi í hópnum. Að efla þátttöku barnanna í starfinu. Að efla börnin í samvinnuleikjum og að vinna í misstórum hópum. Að börnin geri sjálf og hjálpast að. Að börnin fái tækifæri til að tjá sig og allir séu jafn mikilvægir

##### **Hvað var gert hvernig gekk:**

Við unnum með samskipti innan hópsins og það hefur gengið vel. Við ákváðum að endurnýja myndir sem sýna samskipti og settum einungis upp myndir af jákvæðum samskiptum því við vildum að umræðan væri frekar um hvað við viljum heldur en hvað við viljum ekki. Við gerðum eina 0 – 5 skráningu á haustönn og eina á vorönn.

#### **Læsi**

##### **Að hverju var stefnt:**

Að börnin nái góðu valdi á íslensku mállhljóðunum. Að auka orðaforða barnanna. Að efla framsögn og tjáningu Að efla hlustun

##### **Hvað var gert hvernig gekk:**

Við unnum með Lubba og mállhljóðin. Við lásum úr Lubbabókinni, skoðuðum mállhljóðakassa, veltum fyrir okkur orðum sem byrjuðu á mállhljóði vikunnar. Við völdum orð vikunnar sem voru valin úr milliorðaforða. Þetta verkefni tengdum við saman við heimili barnanna með því að senda litla Lubba heim vikulega. Það fylgdi sögubók með sem foreldrar lásu og síðan valdi barnið tvö orð sem byrjuðu á upphafsstaf mállhljóðs vikunnar. Í hvíldinni höfum við lesið framhaldssögur og velt fyrir okkur erfiðum orðum sem hafa komið upp. Þetta verkefni gekk vel.



Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Heilbrigði og vellíðan	Að vinna að góðri andlegri líðan og að börnin geti sett orð á eða gefið til kynna tilfinningar og óskir. Að vekja áhuga barnanna á margskonar hreyfinu. Finna leiðir til að meta árangur	Vinum með efni sem tengist tilfinningum og andlegri líðan, s.s. jóga, sögur, tónlist, hreyfing og hugleiðsla. Nota myndir sem sýna ólíkar tilfinningar sem hjálpar þeim að vinna út sínum. Tengjum þetta við útinámið, leikefni á deildinni, samveru og hópstarf. Barnafundur nota púltið – skráning myndræn fyrir börnin	Vor 2023	Deildarstjóri en allir starfsmenn deildar koma að	Endurmat á deildarfundum á vorönn. Gátlistar – setur barn orð á tilfinningar. Gátlistar – fyrir hreyfifærni Fara yfir skráningar af barnafundum.	Að börn geti tjáð sig um tilfinningar sínar og líðan. Hafi fleiri leiðir en orð til að tjá tilfinningar og óskir
Umhverfismennt og grænar áherslur	Að viðhalda þeim gildum sem unnið var með í Grænfánaverkefni	Að vinna verkefni tengt umhverfismennt t. t.d ferðamáta, uppruna matar og matarsóun. Umgengni og meðferð leikfanga. Hafa grænfánaspjallara á deildinni sem fylgir eftir flokkun o.p.h. Barnafundur nota púltið – skráning myndræn fyrir börnin	Vor-2023	Deildarstjóri en allir starfsmenn deildar koma að	Endurmat á deildarfundum á vorönn. Fara yfir skráningar af barnafundum	Að öll börn séu meðvituð um samábyrgð og virðingu gagnvart umhverfinu. Að börnin gangi vel um leikföng og aðra muni leikskólans
Foreldrasamstarf	Að foreldrar fá þær upplýsingar sem koma að uppeldi barna t.d. málörvun, svefn os.fr. Að foreldrar og börn finni sig velkomin í skólann. Að foreldrar taki þátt í starfinu -tengt móðurmálsdeginum	Hvetja foreldra til að koma inn á deildina og spjalla og skoða. Nota Facebooksíðuna og tölvupósta fyrir fræðsluefni auk annarra upplýsinga. Börnum sé heilsað / kvödd með nafni.	Vor-2023	Deildarstjóri en allir starfsmenn deildar koma að	Skoðanakönnun til foreldra á vorönn.	Ánægja foreldra og hvort upplýsingaflæði hafi aukist.





## Rauðadeild

Yfir höfðuð gekk frekar vel hjá okkur á Rauðudeild. Flest markmið okkar í umbótaáætluninni gengu upp en alltaf er hægt að gera betur. Aðlögun að hausti gekk vel en unnið var eftir þátttökuaðlögun. Lögð var áhersla á að leyfa börnunum að aðlagast vel, kynnast starfsfólkinu og umhverfinu ásamt því að hlúa vel að börnunum sem héldu áfram frá síðasta skólaári. Könnunarleikur og hópastarf einkenndu starfið en eftir áramót var tekin sú ákvörðun að leggja meiri áherslu á frjálsa leikinn. Markmið síðastar vetrar var að vinna með eftirtalda flokka.

### **Heilbrigði og vellíðan:**

Fyrirlesturinn „Færni til framtíðar“ var fluttur á skipulagsdegi þar sem farið var í gegnum mikilvægi útiveru og hreyfingu barna. Það sem sat mest eftir í starfsfólki deildarinnar var takmörkuð hreyfing barna í útiveru. Sum börn þurfa aukna hvatningu til þess að hreyfa sig meira sérstaklega „rólegu“ börnin sem eiga það til að vera í sandkassanum alla útiveruna eða fylgja kennaranum um garðinn.

Áhersla var lögð á stuttar gönguferðir um nærumhverfið í vetur. Reynt var að hafa hópinn aldurskiptan til að byrja með til þess að bjóða eldri börnunum upp á aðeins lengri ferðir en fljótt var hætt við það vegna samsetningu hópsins. Reynt var að fara í gönguferðir þegar tækifæri gafst.

### **Læsi og samskipti:**

**Lubbi** Málörvun fór fram inni á deild og var áhersla lögð á að starfsmenn deildarinnar gæfu sig sérstaklega að þeim börnum sem ættu erfitt með málið stutta stund á degi hverjum- „Gefa 10“ Rætt var um að setja orð á alla hluti. Einnig var notað myndrænt skipulag sérstaklega fyrir þá sem þess mest þurftu.

Árganga-fundir voru í byrjun skólaárs þar sem ákveðið var að Bláa og Rauða deild myndu hittast einu sinni í viku og hafa sameiginlegar Lubbastundir. Börn fædd 2018 mynduðu einn hóp og börn fædd 2019 voru skipt upp í tvo hópa. Einnig var ákveðið að allur 2018 árgangurinn af öllum deildum myndu hittast þrisvar sinnum yfir skólaárið í sameiginlegri Lubbastund. Sungin voru kvæðin, sagan lesin og hlutir tengdir máhljóðum skoðaðir í kössum. Vel gekk fyrir jól að hittast vikulega en eftir áramót féllu þó nokkuð margar stundir niður en í staðinn var reynt að hafa Lubbastundir inni á deild þegar það hentaði.

### **Sjálfsfelling og félagsfærni:**

Mikið var unnið með félagsfærni inn á deild. Á Rauðudeild þetta skólaárið var fjölbreyttur barnahópur og þurftu sum mun meiri hjálp og stuðning kennara þegar það kom að jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum. Félagsfærnisögur voru mikið notaðar og voru nokkur börn með 2-3 félagsfærnisögur í gangi út skólaárið. Gefðu 10 var notað sérstaklega þar sem það voru nokkur börn að fá meiri athygli frá kennurum og sum áttu það til að gleymast. 0-5 skráningar voru minna notaðar.



UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Ærslaleikur</b>	Skapa rými inn á deild og fræða starfsmenn um mikilvægi ærslaleiks.	Útbúa svæði og finna efnivið ætlað ærslaleik. Lesa ritgerðina „, Ærslaleikur ungra barna Óþarfa hamagangur eða fyrstu skref í samleik?,, eftir Hugrónu Helgadóttur	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Nóv 2022	Júní 2023	Umræðuhópur við elstu börnin. Þau teikna hvað þeim finnst skemmtilegast í ærslaleik og leiðinlegast. Nafnlaus könnun til starfsmanna.	Ánægja barna og starfsmanna.
<b>Skapandi starf</b>	Efla skapandi starf inn á deild	Taka til notkunar borð fyrir framan deild. Gefa skapandi starfi stað í dagskipulaginu á hverjum degi.	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Jan 2023	Júní 2023	Skráningarblað sett upp/hakkað við ef boðið var upp á skapandi starf þann dag.	Fara yfir á deildafundum hvort boðið hafði verið upp á skapandi starf að lágmarki 3x í viku



## Grænadeild

Heilbrigði og vellíðan:

Innleiðing menntastefnu. Teymi þriggja starfsmanna tók saman það efni sem leikskólinn á og áherslur úr þeim þroskaskemum sem við höfum notað. Könnun var gerð meðal starfsmanna um hugmyndir og væntingar og þar var oftast nefnt hreyfing, næring, svefn, andleg líðan og samskipti.

Áhersla hefur verið á hreyfingu í vetur sömuleiðis höfum við rætt það við börnin að til að líkamanum okkar líði vel þá þurfi hann hreyfingu, góða næringu og hvíld. Við höfum verið með skipulagðar hreyfistundir á hreyfisvæði og oft erum við líka með einhver hreyfiverkefni í vikulegum gönguferðum. Við ræðum um matinn sem við borðum og mikilvægi þess að borða hollan mat. Hvað er hollur matur og hvað er minna hollt. Hvíld getur verið annað en að leggjast niður og sofa, svo þar höfum við verið að prófa að nota öndunar og jógaæfingar og lagt áherslu á að eiga rólegar stundir. Það hefur reynst okkur vel við að skapa rólegt andrúmsloft og hjálpað börnum við að ná ró og sjálfstjórn.

Lubbi:

Lubbi hefur verið notaður nokkuð markvisst í báðum aldurshópum, þó meira fyrir áramót þar sem aðstæður eftir áramót settu svolítið strík í reikninginn. Við fórum þá leið að láta báða árganga vinna með sömu máhljóðin, en eldri hópurinn hefur farið í meiri verkefnavinnu með máhljóðin á meðan yngri hópurinn hefur sungið lögin, skoðað hlutina í hljóðakössunum og myndirnar í bókinni. Yngri hópurinn hitti jafnaldra af Rauðu og Bláudeild tvisvar þar sem Lubbalögin voru sungin. Lubbi hefur líka fengið að fara með í gönguferðir og þá gjarnan verkefni með í bakpokanum.

Sjálfsþing og félagsfærni:

Jákvæð samskipti, þrautseigja og samvinna eru þættir sem við höfum lagt áherslu á í vetur. Að gefast ekki upp þótt eitthvað gangi ekki í fyrstu tilraun, leita eftir aðstoð hjá félögum og vinna saman að því að finna lausnir. Opnar spurningar, sögur og umræður eru þær leiðir sem hafa reynst best og við sjáum árangur þar sem börnin eru oft dugleg að hjálpast að, t.d. í fataklefanum, koma með lausnir í ágreiningsmálum og setja orð á það sem þau vilja.

Matsalurinn kemur sterkur inn sem þáttur í sjálfsþinginu, þar sem börnin skammta sér sjálf, hjálpa sér sjálf við matarborðið, velja sér sæti og borðfélaga og eiga sjálf samræðurnar við borðið.

Umbótaáætlun

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Heilbrigði og vellíðan	Að vinna að góðri andlegri líðan og að börnin geti sett orð á eða gefið til kynna tilfinningar og óskir. Finna leiðir til að meta árangur	Vinum sérstaklega með efni sem tengist tilfinningum og andlegri líðan, s.s. sögur, tónlist, jóga og hugleiðsla. Barnafundir	Haut 2022-vor2023	Deildarstjóri	Endurmat á deildafundi í janúar. Gátlistar – setur barn orð á tilfinningar eða Skráning af barnafundum	Að börn geti tjáð sig um tilfinningar sínar og líðan. Hafi fleiri leiðir en orð til að tjá tilfinningar og óskir
Umhverfismennt og grænar áherslur	Að viðhalda þeim gildum sem unnið var með í	Verkefni tengt umhverfismennt t.d. flokkun. Bækur sem stuðla að	Haut 2022-vor2023	Allir starfsmenn deildar	Í janúar á deildarfundum Skráning af barnafundum	Að öll börn séu meðvituð um samábyrgð



	Grænfánaverk efni	bættri umgengni s.s. Rusladrekinn				og virðingu gagnvart umhverfinu
Foreldrasamtarf	Að foreldrar finni sig fá þær upplýsingar sem þeim finnst nauðsynlegar.	Hvetja foreldra til að koma inn á deildina og spjalla og skoða. Nota Facebooksíðuna fyrir fræðslufni auk upplýsinga. Nota töfluna frammi og tölvupóst meira.	Haust 2022- vor2023	Allir starfsmenn deildar	Skoðanakönnun til foreldra á vorönn.	Að foreldrar upplifi að upplýsingaflæði hafi aukist og sé í samræmi við þeirra óskir.
Skapandi starf	Að börnin hafi meira um það að segja hvaða efnivið þau nota til sköpunar og hvað þau gera við hann	Greiðari aðgangur að skapandi efnivið, sem börnin geta notað frjálst. Listasmiðjugar, e.t.v eiga myndir af þeim efnivið sem er í geymslu.	Haust 2022- vor2023	Allir starfsmenn	Metið á deildafundi í janúar og framhaldið ákveðið Skráningar, myndir og frásagnir barna. Nota börn þann efnivið sem er á vagninum?	Að eftir börnin liggi verkefni sem þau hafa ákveðið sjálf og haft val um efnivið í.

## Bláadeild

### Heilbrigði og vellíðan

Í vetur var lögð áhersla á heilbrigði og vellíðan í viðum skilningi. Lagt var upp með að eiga góð samskipti við börnin þar sem virðing var borin fyrir öllum börnum, skoðunum þeirra og tilfinningum. Í hvíld eldri hópsins var sérstaklega rætt um tilfinningar eins og reiði og afbrýðisemi og börnunum gefið tækifæri til að tjá sig. Einnig var sérstök áhersla lögð á hreyfingu með markvissri útiveru í öllum veðri, oft tvisvar á dag, en einnig voru tækifærin gripin eins og hægt var m.a. með því að halda jóga stundir og skipulagðar stundir á hreyfisvæðinu. Eftir áramót var farið í gönguferðir einu sinni í viku sem gekk mjög vel og heimsóttum við flest græn svæði og leiksvæði í Laugardalnum og okkar næsta umhverfi.

### Sjálfsfelling og félagsfærni

Í vetur höfum við lagt mikla áherslu á sjálfsfellingu barnanna með því að hvetja þau til að klæða sig sjálf, finna fötin sín og passa upp á dótið sitt en einnig með því að skammta sér sjálf á diskana í matsal og áætla það magn sem þau vilja borða hverju sinni. Einnig höfum við lagt áherslu á að þau segi „stopp“ þegar önnur börn gera á þeirra hlut og noti orðin sín í



samskiptum. Lagt var upp með að starfsfólk finni ekki lausnina fyrir börnin og aðstoði þau ekki of fljótt heldur hvetji börnin til að leita leiða til að leysa málin sjálf. Lesnar voru bækur og teknar umræður um þetta og börnin hvött til að koma með hugmyndir og velja þessu fyrir sér.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur	Skapa börnum betri tíma og meira rými fyrir leik.	Skipta þeim upp eftir aldri í útiveru/inniveru	Starfsmenn deildar ásamt deildastjóra	nóv	júní	Könnun til starfsmanna um framfarir í leik. Könnun til barna um leikgleði	Ánægja barna og starfsmanna
Skapandi starf	Efla skapandi starf inn á deild	Gefa skapandi starfi stað í dagskipulaginu á hverjum degi og auka aðgengi að skapandi efnivið. Gera áætlun um verkefni fyrir mánuðinn	Starfsmenn deildar ásamt deildastjóra	nóv	júní	Skoða hvort að áætlanir hafi gengið eftir.	Aukning á listaverkum barnanna
útinám	Auka útináms ferðir og gæði ferða	Skipuleggja fyrirfram hvert á að fara og hverjar áherslurnar eru. Fara í ferð í hverri viku	Starfsmenn deildar ásamt deildastjóra	nóv	júní	Merkja við á skipulag útináms hvort að farið var í ferðina.	Að við komumst a.m.k í 50% tilvika í ferðir

#### Lubbi

Lubbastundir voru haldnar einu sinni viku með Rauðudeild og gekk það vel fram eftir vetri. Unnið var með sömu málhljóðin í aldurskiptum hópum, einn hópur með börnum 2018 frá báðum deildum og tveir blandaðir hópar af börnum fæddum 2019. Farið var yfir málhljóðið með báðum árgöngum, lagið sungið og rætt um hluti sem byrjuðu á hljóðinu auk þess sem sagan var lesin fyrir eldri hópinn.



## Svartadeild

Heilbrigði og vellíðan: Það hefur ekki náðst að vinna sem skyldi á markvissan hátt með heilbrigði og vellíðan þennan veturinn þó eitt og annað hafi verið gert. Við erum auðvitað alltaf að vinna að þessum þáttum, t.d. með því að kenna jákvæð samskipti, með gönguferðum, útveru og einstaka jógastundum, en það var þessi auka áhersla og markvissari vinnubrögð sem náðist ekki. Það var tekið hreyfingarskrifpróf að hausti þar sem flestir komu nokkuð vel út. Hugmyndin var að framkvæma slíkt próf aftur á vorönn, en það varð ekki af því.

Lubbi: Vinna með Lubba fór vel af stað á haustönn þar sem kennarar skiptu með sér að vera með Lubbastundir þar sem eitt máhljóð var tekið fyrir í einu og verkefni unnin út frá því. Sú vinna dalaði svolítið þegar líða tók á vorönn þar sem eiginlegt hópastarf lognaðist út af, bæði vegna fjarveru kennara og æfinga vegna útskriftaratriðis. Einnig gerði sú skipulagsbreyting (sem „matsalur“ hafði óhjákvæmilega í för með sér) að verkum að hvíld eftir mat datt út í þeirri mynd að hægt væri að vera með skipulagðar stundir. Það varð því að finna aðrar leiðir í Lubbastarfinu og var þá reynt að grípa í Lubba þegar tækifæri gafst, en við náðum ekki að fara ítarlega í öll máhljóðin í gegnum Lubbavinnu. Máhljóðin eru þó mikið rædd og börnin hvött til að æfa sig að skrifa. Hugmyndin er að endurskoða formið á Lubbastarfinu þannig að það fléttist betur inn í daglegt starf.

Sjálfsþing: Við höldum áfram okkar starfi í sjálfsþingum með því að brýna jákvæð samskipti fyrir börnunum, kenna þeim að setja mörk og virða mörk, gera þá hluti sjálf sem þau geta og reyna við það sem er áskorun. Við æfðum þau í að tjá sig fyrir framan aðra og að hlusta líka á hina þannig að allir upplifi að þeirra skoðanir fái athygli.

## Svarta&Hvíta umbótaáætlun 2022-2023

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?
Tilfinningalæsi	Að börnin þekki tilfinningar sínar og líðan og geti sett orð á það	Setjum sjálf orð á það við barn þegar það er leitt/reitt osfrv. Lesum bækur og vinnum verkefni sem fjalla um tilfinningar.	Hefjumst strax handa og lýkur þegar börnin hætta næsta sumar.	Deildarstjóri ábyrgð, en allir starfsmenn framkvæma
Slökun	Að slökun sé gefinn tími í dagskipulaginu.	Höfum jógatíma/slökun á val tíma a.m.k. 1x í viku. Fá hugmyndir frá börnunum hvernig hægt sé að koma slökun við. Útbúa "slökunarhorn" á Hvítu.	Október-skólaloka	Deildastjóri



Foreldrasamstarf	Að bæta upplýsingar til foreldra um það sem við erum að gera hverju sinni.	Fb og tölvupóstur: Segjum frá (setjum inn myndir) af því sem við erum að gera. Upplýsa um þau mál sem hæst ber hverju sinni í hópnum. Láta vita hvaða bækur er verið að lesa og hvaða lög verið er að syngja.	Hefst að hausti og endar að vori. Að það fari amk vikulega inn einhverjar upplýsingar.	Deildarstjórar, e framkvæma
------------------	--	---	--	-----------------------------

## Hvítadeild

Heilbrigði og vellíðan:

Við lögðum áherslu á að börnunum líði vel á deildinni, ef eitthvað er að þá hvetja þau til að segja okkur frá því og fórum yfir hvernig þau geta leyst málin sjálf.

Börnin fóru út einu sinni til tvisvar á dag og reglulega í gönguferðir.

Tekið var hreyfiproskapróf á þeim i haust og svo aftur í vor til þess að sjá hvort og þá hverjar framfarir hafa orðið og hvernig hvert og eitt stendur í hreyfiproska. Einnig nýttist hreyfisvæðið á þeim dögum sem við áttum það en hópurinn var mjög duglegur að hreyfa sig inni á deild. Börnin náðu flest öll að slaka á í hvíld þar sem þau hlustuðu á sögur eða róandi tónlist. Hvíldartíminn var oft nýttur í slökunarstundir þar sem slökunin var leidd áfram af „slökun fyrir börn“ á spotify og einnig fóru þau í jóga á hvíldartíma og í lok dags og þegar erillinn var orðinn mikill. Við prentuðum út dýrajóga og hengdum upp á vegg og börnin hafa nýtt sér það til þess að gera jóga sjálf á mottunni.

Með vorinu breyttum við skipulaginu í hádegismat barnanna við fórum að vera með hlaðborð fyrir alla krakkana saman. Við það dattu hvíldarstundirnar aðeins út á meðan við vorum að finna nýjan takt og nýtt skipulag en á þeim tíma erum við núna ýmist með hvíld fyrir alla eða róleg borðverkefni, slakandi tónlist eða sögur og það er alltaf í boði fyrir alla að fá kotta og teppi og leggjast og hvíla sig.

Sjálfsþing og félagfærni:

Við höfum lagt mikið upp úr að krakkarnir komi vel fram við hvert annað og geti staðið á sínu og að hvert og eitt þeirra er einstakt og enginn er eins og það hafi allir rétt á sínum skoðunum. Við fórum í mikla vinnu með að hvert barn er með sín persónueinkenni og allir með mismunandi hæfileika sem skilaði góðum árangri.

Við höfum lagt mikið upp úr félagsfærni og virðingu við hvert annað, kenna þeim muninn á réttu og röngu í samskiptum og að orð geta sært jafn mikið og hendur og fætur og munum halda því áfram. Við höfum lagt mikla áherslu á jákvæð samskipti, að vera kurteis og tali saman um hlutina. Sjálfstraust barnanna hefur eflst í vetur og sjáum við það á samskiptum þeirra á milli.

Lubbi:

Lubbastundir voru einu sinni í viku og sá sami starfsmaður um þær, þær slógu í gegn hjá krökkunum. Börnunum finnst gaman að hlusta á lögin og fara yfir mállhljóðin. Lestraráttak Lubba gekk mjög vel og voru foreldrar ánægðir með verkefni sem teygja sig heim og efla samstarf heimilis og skóla.



## Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2021-2022

Veturinn 2020 - 2022 hafa tveir kennarar skipt með sér 100% stöðu sérkennslustjóra, annar í 80% starfi og hinn í 20%. Sérkennslan í Hofi er sniðin eftir þörfum hvers og eins barns og unnið er út frá niðurstöðum skimunarlista og/eða greiningum. Ýmist er unnið með börnin í hópum eða einstaklingslega og fer það eftir barninu sjálfu og/eða niðurstöðum greininga. Barn í atferlistþjálfun er til að mynda eitt með þjálfva sínum sem og ef um máltjáningsröskun er að ræða, önnur málörvun er oftast unnin í hóp. Öll börn í sérkennslu eru með einstaklingsáætlun og hverju barni fylgir dagnóta eftir hverja þjálfunarstund sem er rituð í stúlabók merkta barninu, en þar er hægt að fylgjast með framförum barnsins og hvað hefur reynst auðvelt/erfitt að læra. Einstaklingsáætlunin er í stöðugri endurskoðun eftir því sem getan eykst. Einstaklingsáætlunin byggir á styrkleikum og áhugasviði barnsins og þar kemur skýrt fram þau markmið sem stefnt er að, leiðirnar sem hægt er að fara að settum markmiðum og upplýsingar um hvernig meta eigi árangur. Deildarstjórar, þjálfvar og foreldrar hafa aðgang að einstaklingsáætluninni.

Þau matsgögn sem stuðst er við í sérkennslu eru: Orðaskil, smábarnalistinn, íslenski þroskalistinn, TRAS, HLJÓM2, EFI-2, AEPS, íslenski máhljóðamælirinn, VB-MAPP, ABLIS-R, PMTO, TEACCH og hæfniramar fyrir fjöltyngd börn. Í þjálfunarstundum er stuðst við ýmis spil, verkefni og leiki. Sumt er unnið í leikskólanum annað eru aðkeypt gögn á borð við Orðagull og Leikum og lærum með hljóðin. Unnið er í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barnsins, haldnir eru reglulega teymisfundir þar sem allir aðilar sem koma að barninu setjast niður og ræða saman um stöðuna og framhaldið. Foreldrar/forráðamenn hafa greiðan aðgang að deildarstjórum og sérkennslustjóra og geta ýmist fengið ráðgjöf og/eða fræðslu hvert sé best að leita ef um frekari aðstoðar er þörf. Þá er leikskólinn í góðu samstarfi við Norðurmiðstöð, þar sem hann fær ráðgjöf og þjónustu. Ráðgjafar og sálfræðingar koma reglulega á teymisfundi, leggja fyrir próf og veita leikskólanum ráðgjöf. Þá vinnur leikskólinn náið með talmeinafræðingum, sjúkraþjálfurum og iðjuþjálfurum. Leikskólinn vinnur einnig náið með Ráðgjafar- og greiningarstöð, starfsmenn hafa bæði farið á opin námsskeið og einstaklingsmiðuð þjálfunarnámsskeið á þeirra vegum í samvinnu við Norðurmiðstöð. Einnig hefur Ráðgjafar- og greiningarstöð verið með ráðgjöf inn í leikskólann.

### Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

Ekki náðist að setja á laggirnar mánaðarlega sérkennslufundi með þjálfum eins og gert var ráð fyrir í umbótaráætlun síðasta vetrar og voru margir þættir sem spiluðu þar inn í. Umbótaáætlun síðasta skólaárs flyst því yfir á næsta skólaár.

Vinnan við umbótaráætlun um málárvön er langt á veg komin, sú vinna kemur til með að halda áfram næsta skólaár.





Umbóta- þáttur/ matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið /aðferðir?	Viðmið um árangur
	<i>Að hverju er stefnt?</i>	<i>Hvernig framkvæmum við það?</i>	<i>Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?</i>			<i>Hvaða aðferðir á að nota – könnun – rýnihóp safna gögnum</i>	<i>Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði</i>
<b>Sérkennslu- fundir með þjálfum</b>	Mánaðarlegir sérkennslufundir þar sem farið er yfir hvernig þjálfun gengur og þjálfunaraðferðir samþættar.	Að vera með mánaðarlega fundi.	Sérkennslu- stjóri ber ábyrgð og sér um fundarboð og fundarstjórn.	Sept 2022	Mái 2023	Fundargerðir og umræður.	Hvernig gekk að halda fundi?  Fannst þjálfum gott að fá endurgjöf frá öðrum þjálfum?
<b>Áætlun um málörvun</b>	Að útbúa sýnilega áætlun um málörvun sem gott/auðvelt er að vinna eftir.	Koma áætlun leikskólans á aðgengilegt form.	Sérkennslu- stjóri	Sept 2021	Mái 2023	Safna saman þeim gögnum sem til eru, vinna úr þeim og koma í einfalt form.	Greinargóð lýsing á málörvun leikskólans sem að nýttist öllu starfsfólki hans.

## Innra mat – fjöltyngd börn

### mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021-2022

Veturinn 2021-2022 var verkefnastjóri fjölmenningar í 20% stöðu. Hann hefur unnið að málörvun með fjöltyngdum börnum einstaklingslega og í hóp, bæði inn á deildum og utan þeirra. Á deildum er vel staðið að daglegri málörvun og unnið er með grunnorðaðforðann í gegnum leik og starf sem að öll börn taka jafnan þátt í, hvort heldur sem það er í stærri eða minni hópum. Meðal annars hefur verið stuðst við Orðaspjall og Lubba í vinnunni á deildunum og síðastliðið haust hófst skráning á framförum barnanna í gegnum hæfniramma í íslensku sem Menntamálastofnun gaf út 2021. Einnig er TRAS, Hljóm-2 og EFI-2 tekið á börnunum þó svo að þau próf séu ekki gerð með þarfir fjöltyngdra barna í huga þá gefa þau samt sem áður ágæta sýn á alla þætti máls. Unnið með Gefðu 10 á öllum deildum en þó er lítið um skráningar.



Verkefnastjóri fjölmenningar bar ábyrgð á að innleiða hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn á allar deildir leikskólans og útbúa matsblöð í tengslum við þá sem þægilegt væri að fylla út og lesa úr. Sú innleiðing hefur gengið ágætlega og hafa sum markmið náðst. Á hverri deild fyrir sig var ákveðinn starfsmaðurinn sem hafði yfirumsjón með því að hæfnirammarnir væru fylltir út. Lagt var upp með það síðast liðið haust að allir starfsmenn þekktu til hæfniramma og kæmu að því að fylla þá út. Á flestum deildum var það þannig að sá sem tók að sér að vera ábyrgðarmaður sá um að fylla út hæfniramma án aðkomu annarra starfsmanna og ekki höfðu allir starfsmenn kynnt tilgang og markmið hæfniramma. Fyllt var út í hæfniramma fyrir flest öll fjöltyngdu börnin í leikskólanum í fyrsta skiptið í nóv/des og eru flestar deildir langt komnar með yfirferð númer tvö og klárast sú vinna fyrir sumarfrí. Næsta vetur verður haldið áfram með umbótaáætlun fyrir hæfniramma

## Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023

**Umbótapáttur/matspáttur:** Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Nýr matslisti frá Menntamálastofnun gefinn út í mars 2021.

**Tækifæri til umbóta:** Halda áfram með innleiðingu þar sem ekki náðust öll markmið síðastavetur.

**Aðgerðir til umbóta:** Allir starfsmenn lesa hæfniramma og koma að því að fylla út matsblöðin. Matslistarnir fylltir út 2x á ári fyrir hvert fjöltyngt barn í nóv/des og aftur í maí/júní. Kynna fyrir öllum foreldrum leikskólans.

**Ábyrgð:** Verkefnastjóri fjöltyngdra barna og ábyrgðarmenn á hverri deild fyrir sig bera ábyrgð. Allir starfsmenn deildar koma að framkvæmd.

**Hófst:** Maí 2021.

**Lýkur:** Maí 2023.

**Hvernig metið /aðferðir?** Umræður á deildarfundum og skriflegar athugasemdir.


**Viðmið um árangur:** Hefur allt starfsfólk leikskólans kynnt sér tilgang og markmið hæfniramma? Hefur allt starfsfólk komi að því að fylla út hæfniramma? Hafa hæfnirammarnir verið fylltir út fyrir öll fjöltyngd börn leikskólans 2x í vetur í nóv/des og maí/júní? Hafa hæfnirammarnir verið kynntir fyrir öllum foreldrunum í leikskólanum?

## Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku viðtöl við starfsmenn. Leikskólastjóra dreymir um að tala örviðtöl nokkrum sinnum á ári en af einhverjum ástæðum hefur það ekki náðst. Allir starfsmenn ná þó viðtali við annan hvorn stjórnann, flestir hafa fengið viðtöl tvisvar í vetur. Það verður þó enn markmiðið að skipuleggja þessi stuttu örviðtöl oftar á ári en starfsmenn sækja mjög mismikið í stjórnendur en allir eiga í góðum og miklum samskiptum og reyna stjórnendur að vera alltaf til taks þegar á þarf að halda.

Fræðsla hefur verið með ýmsum hætti í vetur. Eitthvað var um staðbundin námskeið en einnig var heilmargt í boði á netinu, teamsfundir og fundum streymt. Stjórnendur tóku þátt í þeirri fræðslu sem borgin býður upp á, forystunámi, stjórnendadegi borgarinnar og námskeiðsdegi leikskólastjóra, Deildarstjórar sóttu ýmis námskeið og starfsmenn einnig. Þar má meðal annars telja kynningar Miðju máls og læsis, útikennslunámskeið MÚÚ, Tras og Efi-2. Stór hópur starfsfólks fór á ADHD námskeið í júní sem SFS bauð uppá. Tveir deildarstjórar hafa stundað og eru að ljúka meistaranámi í leikskólakennarafræðum og einn starfsmaður er að ljúka meistaranámi í sérkennslufræðum. Sérkennslustjóri fór á námskeið um Teacch.

Á skipulagsdögum skólans hefur einnig farið fram ýmis fræðsla og ber fyrst að nefna að skólinn fékk regnbogavottun á vormánuðum að undangenginni fræðslu á tveimur



skipulagsdögum í vetur. Í haust fengum við einnig Sabínu Steinunni Halldórsdóttur með námskeiðið Færni til framtíðar.

Á næsta skólaári munum við fá Valborgu Guðlaugsdóttur og Kristínu Hildi Ólafsdóttur til að fræða og leiðbeina stjórnendum og deildarstjórum um gerð skólanámsskrár, þær munu funda með deildarstjórum og fara inn á deildarfundum með innlegg og fræðslu. Til stendur að gera starfáætlun sýnilegri í daglegu starfi og fá allt starfsfólk að gerð hennar.

Fyrirhugað er að halda fræðsluerindi fyrir foreldra og starfsmenn um svefn og svefnvenjur. Erindið myndi snúa bæði að svefni barna og fullorðinna. Erindið er liður í innleiðingu menntastefnunnar og passar vel við niðurstöður úr starfsmannakönnun þar sem álag og þreyta skoraði hærra en áður.

Í apríl 2023 er fyrirhuguð námsferð erlendis, þegar þetta er skrifað er verið að bíða tilboða í ferð til Berlínar. Þar verða skoðaðir skólar og vonandi farið á námskeið um skapandi starf. Margt annað kemur til greina sem fellur að starfi skólans eins og barnasáttmáli, lýðræðisstarf, útinám og ýmislegt tengt læsi. Ferðaskrifstofan Indigo hefur verið fengin til að skipuleggja ferðina en að sjálfsögðu með okkar starf og stefnu í huga.


## Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf skólanna í hverfinu er byggt á gömlum grunni sem var þróað á fyrstu árum leikskólans. Í vor hittust stjórnendur Hofs, Laugasólar, Laugarnesskóla og Laugarsels og skerptu á þeim þáttum sem vilji er til að halda inni og bættu nýjum þáttum við. Það sem helst ber að nefna er að leikskólinn heimsækir bókasafn Laugarnesskóla, hinn skólastjórann sem sýnir þeim skólahúsið og börnin fara í bekkjarheimsókn á vorönn. Fyrsti bekkur grunnskólans kemur í heimsókn í leikskólann í janúar og 5. bekkur kemur í leikskólann í nóvember. Frístundaheimilið er heimsótt á vorönn og krakkarnir í frístund heimsækja leikskólann einnig á vorönn. Leikskólinn fær niðurstöður úr lesmælingum 1. bekkjar og kennarar grunnskólans koma í heimsókn og kynna sér starf leikskólanna. Að lokum var ákveðið þar sem allir þessir skólar eru orðnir Regnbogavottaðir að vera með samstarf um Regnbogaviku og gleðigöngu að vori. Gleðigangan var farin 19. maí en að þessu sinni tóku 1. og 2. bekkur þátt auk leikskólanna en allir stjórnendur ætla að undirbúa þennan viðburð betur og með lengri fyrirvara á næsta ári. Hugmyndin er að vera jafnvel með smíðjur þvert á skóla og frístundin kæmi þar að líka og undirbúa þannig viðburðinn betur.

## Foreldrasamvinna

Því miður litaðist foreldrasamstarf af ástandinu í þjóðfélaginu eins og flest annað. Foreldraráð og stjórn foreldrafélagsins hafa hist lítið en verið til taks ef á þurfti að halda. Samskiptin hafa helst farið fram á lokuðum facebooksíðum hópanna og í tölvupóstum. Helsta verkefni foreldraráðs er að lesa yfir starfsáætlun og samþykkja skóladagatal. Helstu verkefni stjórnar foreldrafélagsins er að sjá um uppákomur fyrir börnin yfir veturinn. Þau undirbúa sumarhátíð í skólanum og sjá um að einhverjir viðburðir séu í boði. Vonandi verður næsti vetur auðveldari og æskilegt er að þessir hópar nái að hittast öðru hvoru til að ná samkennd og trausti í hópinn. Næsta vetur verðum við að vona að hægt verði að halda foreldrafundi og stefnum við á að vera með kynningar á vetrarstarfinu í lok september og byrjun október. Í byrjun nóvember er fyrirhugað að bjóða upp á fræðslu fyrir foreldra en ekki er búið að ganga frá hvað það verður.

Foreldraviðtöl gengu vel í vetur, allir deildarstjórar bjóða upp á viðtöl tvisvar yfir veturinn og eru foreldrar duglegir að nýta sér þau. Einnig er sérkennslustjóri oft með viðtöl, teymisfundir eru haldnir reglulega og foreldrar geta leitað til stjórnenda, deildarstjóra og sérkennslustjóra hvenær sem er og eru duglegir að nýta sér það.



## Skipulagsdagar og skóladagatal

Skipulagsdagar eru að venju sex yfir skólaárið. Þrír þeirra eru sameiginlegir með grunnskólunum og Laugasól.

22. ágúst (Laugasól, skólasetning í Laugarnesskóla, kennsludagur í Laugalækjarskóla)

Helstu verkefni: skil á skólaárum, undirbúningur nýrra barna og flutninga barna á milli deilda. Kynning á vetrarstarfi fyrir starfsfólk, umræður og skipulagning á matsal. Hugmyndafræði skólans.

27. október (Laugasól, Laugarnes- og Laugalækjarskóli)

Helstu verkefni: Vinna í skólanámskrá, endurmat á matsal og skipulagi á gangi, deildarstarf, heilbrigði og vellíðan

25. nóvember (Laugasól, Laugarnes- og Laugarlækjarskóli)

Helstu verkefni: deildarstarf, vetrarstarf, vinna í skólanámsskrá, hópefli

27. febrúar (Laugasól, Laugarnes- og Laugalækjarskóli)

Helstu verkefni: deildarstarf, vinna í skólanámskrá, endurmat

19. og 21. apríl (Laugasól)

Stefnt er að námsferð erlendis þessa daga. Ekki er búið að ákveða áfangastað svo dagarnir gætu færst til. Staðfesting ætti að liggja fyrir fljótlega á haustmánuðum.

## Fylgigögn

### Skóladagatal

### Umsögn foreldraráðs

Í foreldraráði skólans sitja: Herbert Mackenzie Geirsson, Gyða Björg Sigurðardóttir og Tinna Stefánsdóttir

Rýni foreldrarráðs á starfsáætlun 2022-2023

Foreldraráði leikskólans Hofs barst starfsáætlun skólaársins 2022-2023 til umsagnar 3. okt 2022.

Það er afar ánægjulegt að sjá að skólinn er kominn aftur í eðlilegt horf eftir tvö krefjandi ár. Það er fagnaðarefni að umhverfi kennara hafa batnað til muna með sér aðstöðu þar sem fjólubláa deild var til húsa og með bættri eldhúsaðstöðu.

Særún og Stella hafa sýnt það og sannað að þær geti leitt leikskólann í gegnum erfiða tíma og er ánægjulegt að hægt sé að einbeita sér að endurnýjun og betrubætingu í stað takmarkana og sóttvarna. Það að taka örviðtöl oftar á árinu milli stjórnenda og starfsmanna er mun afkasta meira en



að taka tvö viðtöl á ári þar sem möguleg óánægja gæti kraumað lengur en þurfa þykir en ef tekið er fyrir á málunum þá er oftast en ekki hægt að leysa málin fljótt og örugglega. Ekki hætta að dreyma Særún!

Það er von foreldraráðs að samtal og samstarf við foreldra og þar með talið foreldraráð haldi áfram að aukast. Góð umfjöllun er í ársskýrslu um mikilvægi samstarfs við foreldra og margt sem þarf að bæta upp eftir covid. Sóttvarnir hindra mjög aðgengi foreldra að leikskólanum og því fögnum við ígrundun að bættu samstarfi.

Foreldraráð lýsir yfir miklum áhyggjum af viðvarandi aðstöðuleysi leikskólans. Áform um stækkun virðast hafa verið sett á bið og eru hagsmunir barna og fjölskyldna þeirra því virtir að vettugi þegar börn í hverfinu fá ekki inngöngu í sinn hverfisleikskóla. Foreldraráð óskar þess að leitað verði lausna sem fyrst um að ljúka því verki sem hafið er.

Með von um gott skólaár.

---

Særún Ármannsdóttir, leikskólastjóri  
Leikskólinn Hof

